

Skipulagsstofnun,  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. september 2019  
2018090004/42-2  
OKN, KJ, TB  
tb

### **Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti, frummatsskýrsla**

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun dags. 19. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar 9,8 MW rennslisvirkjunar, Einbúavirkjunar, í Skjálfandafljóti.

Að mati Náttúrufræðistofnunar, miðað við hlutverk stofnunarinnar og umfang og eðli virkjunarinnar, lýsir frummatsskýrslan almennt vel fyrirhugaðri virkjun og á því að geta verið grunnur að matsskýrslu. Náttúrufræðistofnun vill þó koma með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir:

1. Eins og kemur fram í frummatsskýrslunni lagði verkefnisstjórn 3. áfanga rammáætlunar til að Skjálfandafljót yrði verndað fyrir orkunýtingu en Alþingi hefur ekki enn tekið afstöðu til 3. áfanga í heild sinni. Í frummatsskýrslunni á bls. 10 segir: „Virkjunin mun ekki hafa áhrif á þau gæði sem verðmætamat verkefnisstjórnar rammaáætlunar byggði á. Því eiga rök um friðun Skjálfandafljóts ekki við um Einbúavirkjun.“ Í þessu sambandi er bæði vísað til stærðar og staðsetningu virkjunarinnar og eðli hennar þ.e. að um sé að ræða rennslisvirkjun.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að framkvæmdaraðili óskaði eftir því að fyrirhuguð virkjun færi í mat á umhverfisáhrifum. Ástæða þess hlýtur m.a. að hafa verið su að virkjunin er á mörkum 10 MW og endanlega stærð hennar því af einhverju marki óviss og að hún hefur vissulega áhrif á ýmsa umhverfisþætti s.s. landslag, jarðminjar og rennsli í fljótinu og lífríki þess. Það er því full mikil einföldun að rök um friðun Skjálfandafljóts eigi ekki við þó þau séu önnur en áhrif þeirra virkjana sem voru til umfjöllunar í 3. áfanga. Einbúavirkjun var ekki tekin til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar, eins og kemur fram í frummatsskýrslunni, sem stafaði væntanlega af því að virkjunin var ekki kostur á þeim tíma en þar sem virkjunin er nú rétt um 10 MW gæti afstaða til þess verið önnur í dag.

2. Hvað landslag varðar er rétt að benda á að skv.

<https://www.verkis.is/verkefni/orkuvinnsla-og-virkjanir/vatnsafl/einbuavirkjun> hefði verið eðlilegra að sýna myndir þar sem áhrif virkjunarinnar kæmu betur fram miðað við mismunandi



rennsli í Skjálfandafljóti.

3. Umferð straumanda er töluverð um svæðið, væntanlega nokkur hundruð fuglar hið minnsta eða samanlagður straumandastofninn á vatnasviðinu ofan við virkjanasvæðið. Sérstaklega er þessi umferð straumanda áberandi á vorin. Einhverjar þeirra halda upp með Kálfborgará en flestar halda áfram suður. Á ferðum sínum fylgja straumendur vatnsvegum og því er ástæða til að leggja áherslu á að halda farvegi Kálfborgarár eins náttúrulegum og hægt er t.d. með göngum undir hann. Straumendur virðast fá litla umfjöllun í frummatsskýrslunni og athuganir greinilega ekki verið gerðar á þeim tíma sem þær fara um í mestu magni, þ.e. síðari hluta apríl og maí.

Fálkaóðal er í Kálfborgarárgili. Óðalið hefur verið í ábúð 22 ár af síðustu 38 árum (58% ára eða tíðar en annað hvert ár). Einungis eru um 400 m á milli hreiðurs og stöðvarhúss og má því segja að það sé á áhrifasvæði virkjunarinnar. Eðlilegt er því að skoða mótvægisgerðir til að halda fálkunum á svæðinu og koma í veg fyrir að hann fælist í burtu eða varp misfarist vegna framkvæmda. Þetta má gera með t.d. eftirfarandi hætti en Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf sé þess óskað.

Tillaga að mótvægisgerðum:

A. Tryggja að nothæf hreiður séu á óðalinu. Þetta er gert að hausti og staðir síðan skoðaðir í lok vetrar og lagfært hafi eitthvað farið úrskeiðis, t.d. hreinsa grjót úr hreiðurskúta (einn skúti í gilinu hefur verið notaður), einnig að byggja kvistahreiður sé enginn nothæfur laupur í gilinu. Fálkarnir nota stundum laup hrafna en sum ár eru engir laupar uppistandandi.


B. Leggja út æti til að halda kvenfuglinum á óðalinu og tryggja að hún fái fæðu þó svo karlfuglinn fælist eitthvað frá vegna framkvæmda. Þetta er gert frá því seint í mars. Kvenfuglinn hættir að veiða 2-4 vikum fyrir varp og alfarið háð karlfuglinum um æti. Hún þarf á þessum tíma að þyngjast um allt að fjórðung til að geta orpið og allan þann tíma er hún við hreiðurklettinn. Taki kvenfuglinn ætið strax í byrjun cr þessu haldið áfram uns ungar klekjast og æti lagt út annan eða þriðja hvern dag.

C. Vakta hreiðrið með myndavélum til að tryggja að óboðnir gestir sækí ekki í það (t.d. eggjaþjófar). Hætt er við því að athygli verði meiri á svæðinu bæði vegna þess ferils sem nú er í gangi og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Samkvæmt upplýsingum sem Náttúrufræðistofnun hefur er talið líklegt að egg hafi verið tekin úr þessi hreiðri á síðustu árum og hafa myndavélar þar nokkurn fælingamátt.

Þessar mótvægisgerðir byggja á þremur stoðum, þ.e. hreiðurstæði sé til boða, atlæti fuglanna sé gott og þeir séu varðir fyrir eggjaþjófum. Þessar aðferðir hafa verið reyndar bæði hér á landi og erlendis og boríð árangur.

Varpstáður smyrils er í hraunstapa úti í Skjálfandafljóti við austurbakkann um 400 m sunnan við ós Kálfaborgarár. Tryggja þarf að varpstáðnum verði ekki raskað.

3. Á bls. 44-45 segir m.a.: "Meirihluti hraunsins í dalbotninum er þakið ár- og þurrlandisseti ásamt gróðri svo varla sést í það nema stöku strýtur. Í farvegi fljótsins standa vatnssorfnir



hraunhólmar. Auk þess er yfirborð hraunsins sitthvoru megin við fljótið sorfið af fljótinu og hefur því ekki einkenni hefðbundins nútímahrauns."

á bls. 46 segir: "Nútímahraunið sem um ræðir er að miklu leyti þakið jarðefnum, og/eða hefur vatnssorfið yfirborð og hefur þar af leiðandi ekki hefðbundin einkenni nútímahrauna með strýtum og ójöfnum.

Bárðardalshraun telst til nútíma eldhrauna og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Á framkvæmdastað er hraunið þakið 0,3 til 2,4 m þykkum jarðvegi svo varla sést í það nema stöku strýtur. Hraunið er víða vel gróið á framkvæmdasvæðinu. Einnig er það vatnssorfið af Skjálftandafljóti og hefur því ekki hefðbundin einkenni nútímahrauns."

Á bls. 47 segir: "Framkvæmdir við Einbúavirkjun munu valda varanlegu raski á eldhrauni sem er á framkvæmdasvæðinu. Hraunið er hins vegar vatnssorfið næst Skjálftandafljóti og fjær hulið jarðvegi og gróðri. Hraunið hefur því ekki hefðbundin einkenni nútímahrauns. Um svæðið liggur þjóðvegur og á svæðinu er stundaður landbúnaður. Jarðminjar svæðisins njóta því ekki sérstakrar verndar samkvæmt ofangreindri umfjöllun."

Í frummatsskýrslunni er vísað til greinargerðar með frumvarpi til laga um náttúruvernd þar sem segir: „Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.“

Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki vafí á því að hraunið nýtur sérstakar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Tekið er fram í frummatsskýrslunni að það sjáist í "stöku strýtur" af hrauninu. Og t.d. má greinilega sjá á loftmynd af svæðinu að dalbotninn er hraun. Hraunið er því ekki að öllu leyti sandorpið eða hulið og vel hægt að greina að um hraun sé að ræða. Það hefur því einkenni hefðbundins nútímahrauns. Vissulega má færa rök fyrir því að verndargildi þess sé lægra en á „nýrunnu“ hrauni, en hraunið nýtur samt verndar skv. 61. gr. Þar sem búið er að rækta tún má fallast á að hraunið hafi tapað einkennum sínum. Utan túnanna sést greinilega að um hraun er að ræða. Meirihluti aðrennslisskurðar virðist vera í túnum en frárennslisskurður hins vegar í hrauni og á árbakkanum. Náttúrufræðistofnun telur því ekki hægt að fullyrða að jarðminjar svæðisins njóti ekki sérstakrar verndar eins og gert er í frummatsskýrslunni sbr. tilvitnun hér að framan.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst

  
Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeilda

